# S T A R F S S K Ý R S L A

skógarvarðarins í Eyjafirði fyrir árið 1963.

oooooooooooooooooooooooooooooooooooooooooooooooo

VEÐURFAR.

Veðrið á árinu 1963 reyndist óhagstætt fyrir skógrækt,þó ekki sé hægt að segja,að það hafi verið harðindaár.
Árið byrjaði með 12 stiga frosti og var hitinn oftast neðan við frostmark,þar til í lok febrúar.Eftir það var hiti oftast ofan við frostmark og milt veðurfar.En 9.apríl brá til hins verra með norðanhrí og frosti og héldust kuldahret fram undir mánaðarmót.Í maí og júní var veðrátta allgóð,en júlímánuður var óvenju kaldur.Eftir það var veðr ið á árinu sæmilega hagstætt.

Vegna hlýinda í mars og byrjun apríl voru brum á trjám farin að þrútna og sumstaðar farin að opnast,þegar kuldakastið kom.Olli það nokkrum skemmdum,en snjórinn hlífði þó töluvert lágum gróðri svo sem í sáðbeðum og öðrum yngstu árgöngum trjáplantna.

28.maí hef eg skrifað í dagbók: "Lerki er alstaðar orðið grænt. Lauftré eru að sprynga út".

20.sept: "Töluvert fauk af laufi í dag,einkum af Vaglabirki og öspun

24.okt: "Ofsarok.Lauffalli að mestu lokið".

Eins og fyr laufgvaðist Bæjarstaðabirki viku til 1/2 mán.fyr en Vaglabirki og lauffall á því varð einnig viku til 1/2 mán.seinna.
Samanburður virtist vera því sem næst þessi:
Lauffall á Vaglabirki síðustu viku í september og fyrstu viku í okt.
" " Bæjarstaðabirki aðra og þriðju viku í október.
" " birki í Garðsárdal og Leyningshólum fyrstu og aðra v.í okt.

Veðuryfirlit samkvæmt veðurathugunum á Akureyri 1963.

| | Meðalhiti C | Úrkoma mm | Hitamagn. |
|---|---|---|---|
| Janúar | -3,10 | 4,3 | |
| Febrúar | -1,43 | 23,2 | |
| Mars | 2,56 | 38,8 | |
| Apríl | 1,90 | 33,6 | |
| Maí | 4,50 | 35,8 | 139,2 |
| Júní | 10,28 | 34,4 | 308,3 |
| Júlí | 9,20 | 35,1 | 285,3 |
| Ágúst | 8,47 | 9,8 | 262,7 |
| September | 5,03 | 53,2 | 151,0 |
| Október | 3,54 | 34,1 | |
| Nóvember | -3,06 | 95,7 | |
| Desember | 0,08 | 23,2 | |
| Meðalhiti ársins | 3,15 | Úrkomumagn 421,2 | Hitasumma maí-sept. 1146,5 |

Fræfall var með minnsta móti í haust og engu safnað.

GIRÐINGAR.

Girðingar voru næstum óskemmdar,þegar þær voru athugaðar í byrjun apríl í vor,en eftir kuldakastið var ekki eins álitlegt um að litast. Einkum urðu miklar skemmdir á girðingunni um Vaðlaskóg.

Lokið var við nýja girðingu til viðbótar í Miðhálsstöðum.Nýrri girðingu var komið upp á vegum deildarinnar á Árskógsströnd á landamerkjum Hellu og Krossa.Er sú girðing 540 m.og reiturinn 1,3 ha.

**Skjólbeltagirðingum var** komið upp að Svertingsstöðum og Sigtúnum á vegum deildarinnar í Öngulstaðahreppi.Var byrjað að gróðursetja þar birki í skjólbelti.

Mælt var fyrir nýrri girðingu við Garðsárgil á landi Þverár og Jódísarstaða,gegnt skógarreitnum í landi Garðsár.Er búið að laga undir girðinguna með jarðýtu og efni komið á staðinn.Mun sú girðing verða fullgerð í vor.

Steypt voru tvö ný hlið á girðinguna í Leyningshólum,að sunnan og norðan,í sambandi við nýja vegagerð í hólunum.

GRISJUN.

Dálítið var grisjað í Leyningshólum og Vaðlaskógi og klippt frá plöntum þar og víðar.

GRÓÐRARSTÖÐIN.

Yfirlit um rekstur Gróðrarstöðvar Skógræktarfélags Eyfirðinga 1963:

| Vorsáning. | Kvæmi | nr. | Kg. | Ferm. |
|---|---|---|---|---|
| Birki | Bæjarstaður | 561 | 1,50 | 110 |
| Rauðgreni | Namdal | 554 | 0,25 | 8 |
| Sitkagreni | Hómer | 548 | 0,40 | 10 |
| P.Eng.& P. | Sapinerö | 522 | 0,20 | 10 |
| Broddfura | Hallormsst. | 529 | 0,40 | 10 |
| Pinus unc. | Pyr. | 584 | 1,00 | 15 |
| Larix Sukac. | Shénkursk | 587 | 2,50 | 75 |
| Elri | | | | 6 |
| Samtals | | | 6,25 | 244 |

Haustsáning var engin að þessu sinni vegna lítils fræþroska á runnum og trjám.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dreifsetning: | Birki | Steinagerði | 1860 | |
| | " | Garðsárreitur | 40 | |
| | " | Hallormsstaður | 1090 | |
| | " | Vaðlaskógur | 350 | 3,340 |
| | Sib.lerki | Raivola | | 3,150 |
| | Lindifura | Finnland | | 450 |
| | Bergfura | Pyr. | | 2,570 |
| | Stafafura | Skagway | 22310 | |
| | " | U.L.Creek | 3410 | 25,720 |
| | Rauðgreni | | 25750 | |
| | " | Namdal | 180 | 25,930 |
| | Hvítgreni | Sevard | | 21,600 |
| | Blágreni | Sapinero | | 14,470 |
| | Sitkagreni | Hómer | | 5,810 |
| | Sitkabastarður | Lawing | | 20,910 |
| | Samlagt | | | 123,950 |

| | | |
|---|---|---|
| Gróðlingar: | Blátoppur .................... | 370 |
| | Sólber .................... | 295 |
| | Ribs .................... | 470 |
| | Gulvíðir .................... | 1,170 |
| | Þingvíðir .................... | 2,471 |
| | Viðja .................... | 4,875 |
| | Alaskaösp .................... | 2,262 |
| | Samtals | 11,913 |

Skógarplöntur afhentar úr gróðrarstöð félagsins:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rauðgreni | 2/3 | Grane Vefsen | 3350 | |
| R" | 2/4 | R.K.D. | 6900 | 10,250 |
| Sitkagreni | 3/2 | Hómer | 1000 | |
| " | 2/3 | Seward | 17865 (785) | |
| " | 2/3 | Cordóva | 9060 | 27,845 |
| Hvítgreni | 2/4 | Ferbanks | 20 | |
| " | 2/3 | Seward | 550 | 570 |
| Sitkabastarður | 2/3 | Lawing | | 1,030 |
| Brodd- og blábr. | 2/3 | Sapinero | | 18,845 |
| Broddgreni | 2/3 | " | | 27,770 |
| Bergfura | 2/2 | H.Alpes | 1345 | |
| " | 2/2 | Ginebra | 1900 | 3,245 |
| Stafafura | 2/2 | Skagwey | | 7,445 |
| Skógarfura | 2/2 | Troms hlíðar | | 195 |
| Evrópulerki | 2/2 | Grabunden | 7000 | |

Framh.

| | IV. | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sib.lerki | 2/2 | Shinsk | 8475 | 15,475 |
| Birki | 3/2 | Bæjarst. | 10390 | |
| " | 2/2 | Hallormsst. | 3850 | |
| " | 3/o | Steinagerði | 50 | 14,290 |
| Fjallaþinur | 2/3 | Sapinero | | 1,220 |
| Fjallaþöll | 2/3 | Seward | | 750 |
| Samtals | | | | 128,930 |

Garðplöntur afhentar úr gróðrarstöð félagsins:

| | | |
|---|---|---|
| Rauðgreni ............ | 50 | |
| Lerki ............... | 54 | |
| Blágreni ............ | 38 | |
| Þingvíðir ........... | 590 | |
| Dúntoppur ........... | 574 | |
| Hvítgreni ........... | 22 | |
| Fjallaribs .......... | 14 | |
| Sib.baunatré ........ | 6 | |
| Sitkagreni .......... | 146 | |
| Hlynur .............. | 1 | |
| Gulvíðir ............ | 145 | |
| Alaskaösp ........... | 57 | |
| Sólber .............. | 73 | |
| Ribs ................ | 69 | |
| Viðja ............... | 570 | |
| Sitkabastarður ...... | 7 | |
| Gráreynir ........... | 4 | |
| Bergfura ............ | 2 | |
| Heggur .............. | 12 | |
| Birki ............... | 635 | |
| Broddgreni .......... | 29 | |
| Reynir .............. | 227 | |
| Fjallaþinur ......... | 10 | |
| Blátoppur ........... | 1 | 3,336 |
| Alls | | 132,266 pl. |

# GRÓÐURSETNING.

## A. Skógrækt ríkisins:

### Hofsárreitur í Svarfaðardal.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Birki og lerki frá Vöglum | | | V | 1000 | | |
| Stafafura | 2/2 | Skagway | A | 500 | | |
| Brodd- og blágr. | 2/3 | Sapinero | A | 500 | | 2,000 |

## B. Skógræktarfélag Eyfirðinga:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vaðlaskógur.** | | | | | | |
| Bergfura | 2/2 | H.Alpes | A | 1300 | | |
| Sitkagreni | 2/3 | Hómer | A | 1000 | | |
| Rauðgreni | 2/3 | R.K.D. | A | 6900 | 9,200 | |
| **Leyningshólar.** | | | | | | |
| Broddgreni | 2/4 | Sapinero | A | | 7,000 | |
| **Kjarnaland.** | | | | | | |
| Fjallaþöll | 2/3 | Seward | A | 750 | | |
| Birki | 2/3 | Hallormsst. | A | 300 | | |
| " | 2/3 | Bæjarst. | A | 265 | | |
| Brodd- og blágr. | 2/3 | Sapinero | A | 200 | | |
| Rauðgreni | 2/3 | Grane Vefsen | A | 350 | | |
| Lerki | 2/2 | Shinsk | A | 200 | 2,065 | |
| **Miðhálsstaðir.** | | | | | | |
| Lerki | 2/2 | Grabunden | A | 7000 | | |
| " | 2/2 | Shinsk | A | 2600 | | |
| Birki | 2/2 | Hallormsst. | A | 2500 | | |
| Brodd- og blágr. | 2/3 | Sapinero | A | 6500 | | |
| Stafafura | 2/2 | Skagway | A | 3800 | 22,400 | |
| **Kóngsstaðaháls.** | | | | | | |
| Broddgreni | 2/3 | Sapinero | A | 9400 | | |
| " | 2/4 | " | A | 6600 | 16,000 | 56,665 |
| Gróðursetning hjá deildum félagsins. Samanber árssk. | | | | | | 51,155 |
| **Yzti-bær Hrísey.** | | | | | | |
| Birki | 2/2 | Bæjarst. | A | 3000 | | |
| Lerki | 2/2 | Shinsk | A | 3000 | | 6,000 |
| **Krossanesreitur.** | | | | | | |
| Broddgreni | 2/4 | Sapinero | A | 2000 | | |
| Sitkagreni | 2/3 | Seward | A | 3000 | | 5,000 |
| Einstakir félagsmenn | | | | | | 3,110 |
| Alls | | | | | | 123,930 |

ÁÆTLUN UM PLÖNTUR TIL AFHENDINGAR NÆSTA ÁR.

| | | |
|---|---|---|
| Greni .......... | 101,500 | |
| Fura .......... | 500 | |
| Birki .......... | 6,500 | 108,500 |
| Garðplöntur til afhendingar. | | 6,060 |
| Samtals | | 114,560 pl. |

VEGAGERÐ.

Lagaður var vegaspotti austan við græðireitina í Kjarna og gerðir skurðir báðu megin.

Ruddur var vegur um Leyningshóla og sá deildin í Saurbæjarhrepp-um að verulegu leiti um það.

LEIÐBEININGAR.

Þær hafa verið með sama hætti og undanfarið, fyrst og fremst í sambandi við starfsemi deilda Skógræktarfélags Eyfirðinga.

MÆLINGAR.

Eins og áður voru gerðar nokkrar mælingar á trjáplöntum í haust og þar á meðal þeim plöntum, sem undanfarin ár hafa verið mældar og gefnar skýrslur um.

| | Mældust þar sem hér segir: | Hæð meðaltal | Ársspr. meðaltal |
|---|---|---|---|
| 1. | Birki, 3/o-gróðursett 1952 í Kjarnask. Mælt á 100ferm. alls 50 pl. | 204,5sm | 18,7 sm |
| 2. | Birki 2/2 gróðursett 1954 í Kjarnask. Mælt á 100 ferm. alls 55 pl. | 195,0 " | 9,7 " |
| 3. | Lerki 2/2 gróðursett 1958 í Kjarnask. Mælt á 100 ferm. Alls 66 pl. | 141,7 " | 26,0 " |
| 4. | Lerki 2/2 gróðursett í Vaðlaskógi 1951. Mældar 101 pl. | 360,0 " | 22,3 " |
| 5. | Mældar voru 74 pl. af rauðgreni í Garðsárreit gróðursettar 1958. | 51,3 " | 4,8 " |

HEIMSÓKNIR.

Eins og áður kom skógræktarstjóri og fleiri trúnaðarmenn

Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, einnig erlendir skógfræðingar, og hópar ferðamanna komu í Gróðrarstöð Rf.Nl.

Í sambandi við aðalfund Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var á Akureyri í ágúst, skoðuðu fundarmenn gróðrarstöðvarnar og fleiri skógarreiti.

STARFSLIÐ.

Jón D. Ármannsson var, eins og áður, verkstjóri við gróðrarstöðina. Auk hans unnu 4 - 8 stúlkur í sumar hjá félaginu og 1 - 3 piltar um mesta annatímann í vor.

Flokkur drengja 12 - 14 ára vann að gróðursetningu í vor og aftur 3 vikur eftir miðjan ágústmánuð. Akureyrarbær veitti styrk til þess sérstaklega.

Nokkur sjálfboðavinna var einnig við gróðursetningu eins og ætíð hefur verið.

Húsbygging.

Keypt var í sumar hús út á Þelamörk og flutt í heilu lagi suður í Kjarna að græðireitunum. Tókst það vel og hefur verið unnið að því í haust og vetur að fullgera það og lagfæra til notkunar. Húsið er 5 x 8,4 m .

SALA JÓLAGREINA.

Eins og áður hafði eg á hendi sölu á jólatrjám og greinum Landgræðslusjóðs á Akureyri fyrir jólin. Seldust allar greinar upp á skemmri tíma en áður, en jólatrén ekki eins ört. Þó seldust þau öll upp, sem hingað komu.

Eg þakka skógræktarstjóra og skógarvörðum ánægjulega samvinnu á liðnu ári og óska farsældar í lífi og starfi á þessu nýja ári, sem þegar hefur hafið göngu sína.

Akureyri 4. jan. 1964.